

## Kennsluakademía

Málþing 23. maí 2022

**Höfundur:** Ragný Þóra Guðjohnsen, lektor í uppeldis- og menntunarfræði, Menntavísindasvið Háskóla Íslands (ragny@hi.is)

**Titill erindis:** Samskipti og tengsl kennara og nemenda

### Ágrip

Ýmsar rannsóknir hafa beint sjónum að mikilvægi jákvæðrar tengslamyndunar í hinum ýmsu aðstæðum, þar á meðal tengslamyndunar kennara og nemenda (e. teacher–student relationship). Bent hefur verið á þörf fyrir að beina háskólarannsóknum í auknum mæli að þessum tengslum og samskiptum en jafnframt nauðsyn þess að fá skýrari hugmyndafræðilegan ramma sem tengist þessu rannsóknarefni. Breyttar aðstæður í nútímasamfélagi sem meðal annars felast í að háskólanemar stunda nám samhliða fullri vinnu, fjölskyldulífi og þátttöku í samfélaginu, hafa haft í för með sér minnkandi mætingu nemenda í staðkennslu og við það fækkar tækifærum þeirra til að mynda tengsl augliti til auglitis bæði við kennara og samnemendur. Kennarar upplifa jafnframt vaxandi skort á tileinkun nemenda við námið. Bent hefur verið á að starf nemenda samhliða námi hafi þó einnig kosti í för með sér, þar sem nemendur tengjast starfsvettvangi betur og gjarnan því sérsviði sem námið snýr að. Vegna þessara tenginga byggja umræður og námsverkefni í náminu á reynslu og veruleika á vettvangi. Þannig myndist námssamfélag þar sem kennarar og nemendur deila þekkingu og reynslu. Mikilvægt er að kanna hvaða merkingu framangreindar breytingar hafa fyrir tengsl í námssamfélagi háskóla en tengslin eru jarðvegur gagnrýnnar fræðilegrar samræðu með áherslu á að hlúa að gæðum náms og kennslu (e. scholarship og teaching and learning). Tengslin eru ekki síst talin mikilvægt fyrir þann hóp nemenda sem er í mestri hættu á að hverfa frá námi, til dæmis nemendur sem eru óvissir um námsval, glíma við námserfiðleika eða námskviða. Jákvæð tengsl og samskipti skipta lykilhlutverki við að styðja við velferð þessara nemenda og að þeir upplifi sig tilheyra námssamfélagi. Jákvæð samskipti nemenda og kennara hafa ekki síður þýðingu fyrir starfsánægju háskólakennara en á undanfórnum árum hafa raddir um álag í starfi háskólakennara og kulnun orðið háværi. Til eru mælitæki til að mæla tengsl kennara og nemenda en einnig gefa viðtöl tækifæri til þess að fá fram dýpri sýn þessara hópa. Niðurstöður slíkra mælinga benda til þess að tengslin verði til í samhengi margra þátta og gæði hvers einstaks þáttar geti verið misgóð. Tengslin geti jafnframt verið aðstæðubundin og þannig geti upplifun tengst menningarlegum þáttum og bæði nemendur og kennarar upplifað samskipti á mismunandi hátt. Yfirlitsrannsóknir á tengslum kennara og nemenda hafa þó greint tvo megin tengslapætti. Annars vegar tilfinningalega þætti sem vísa til þess að nemendur og kennarar upplifi heiðarleika, traust og virðingu í samskiptum. Hins vegar hegðunarlega þætti eins og að kennarar beri umhyggju fyrir nemendum, styðji þá í námi og leiðbeini til dæmis með því að svara erindum fljótt en geri samhliða skýrar kröfur og styðji við hæfni til sjálfstæðra vinnubragða. Spjall við kennara eftir kennslu og samskipti sem ná út fyrir kennslustofuna, hvort sem þau eru í húsi eða í gegnum fjarfundabúnað eru til að mynda talin hlúa að sterkari tengslum. Mikilvægt er fyrir kennara að bjóða nemendum upp á slík samtöl þar sem nemendur sem rætt hefur verið við segjast oft ragir að biðja um viðtöl við kennara þar sem þeir séu svo önnum kafnir. Í rannsókninni *Samstarf kennara og nemenda um aukin gæði náms og kennslu* sem höfundur ásamt samstarfsfólki stóð að og styrkt var af Kennslumálasjóði árið 2020 – var leitað eftir viðhorfum kennara og nemenda við Háskóla Íslands til náms og kennslu. Rætt var við tvo rýnihópa með alls níu kennurum og fjóra rýnihópa með alls 15 nemendum meðal annars um tengsl og samskipti innan námssamfélagsins. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að auka þurfi samtal kennara og nemenda um nám og þróun þess. Einnig þurfi að vinna áfram með fjölbreyttar samtalsleiðir til að mynda tengsl. Í erindinu verða tengsl kennara og nemenda sett í samhengi við áskoranir í háskólakennslu, tæknivæðingu og hvernig megi sem best hlúa að jákvæðum tengslum í kennslu innan háskóla.